



Borgarráð

Reykjavík, 29. júní 2026

MSS26060103

Lækkun gjalda vegna viðburðarhalds í borgarlandi

Lagt er til að borgarráð samþykki breytingar á gjaldskrá afnotaleyfa vegna viðburða í borgarlandi þar sem breytingar verða gerðar á umfangsflokki 1a – Veruleg aðstöðusköpun og umfangsflokki 2 - Meiriháttar aðstöðusköpun, á þann hátt að heimilt verður að veita allt að 50% afslátt af afnotaleyfi þegar um er að ræða viðburði sem haldnir eru af óhagnaðardrifnum félögum, svo sem íþróttafélögum og opnir eru öllum almenningi. Jafnframt verði umfangsflokkur 5 – Litlir viðburðir eða minniháttar viðhald gjaldfrjáls en þar undir falla litlir viðburðir sem hafa óveruleg áhrif á borgarlandið. Breytingin er gerð til þess að koma til móts við viðburðahaldara í borginni og rúmast innan fjárheimilda umhverfis- og skipulagssviðs sem jafnframt er falið að uppfæra reglurnar.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:
Breyting á gjaldskrá afnotaleyfa vegna viðburða.



Reykjavík

Umfangsflokkur 1a – Veruleg aðstöðusköpun – 285.100

Talsvert utanumhald vegna vinnslu/afgreiðslu afnotaleyfis og eftirlits vegna afnota af yfirborði borgarlands svo sem aðstöðusköpun vegna minni framkvæmdaverka einkaaðila eða litlir viðburðir eða kvikmyndatökur. **Þegar um er að ræða viðburði sem haldnir eru af óhagnaðardrifnum félögum, svo sem íþróttafélögum, og opnir eru öllum almenningi er heimilt að veita allt að 50% afslátt af afnotaleyfisgjaldi. Forsenda afsláttar er að fyrir liggja samkomulag um eftirlit, frágang og viðbragð af hálfu viðburðarhaldara sem dregur úr þörf á eftirliti af hálfu leyfisveitanda.**

Umfangsflokkur Meiriháttar aðstöðusköpun – 594.700

Verulegt utanumhald vegna vinnslu/afgreiðslu afnotaleyfis og eftirlits vegna afnota af yfirborði borgarlands svo sem stærri aðstöðusköpun, -viðburðir eða -kvikmyndatökur. **Þegar um er að ræða viðburði sem haldnir eru af óhagnaðardrifnum félögum, svo sem íþróttafélögum, og opnir eru öllum almenningi er heimilt að veita allt að 50% afslátt af afnotaleyfisgjaldi. Forsenda afsláttar er að fyrir liggja samkomulag um eftirlit, frágang og viðbragð af hálfu viðburðarhaldara sem dregur úr þörf á eftirliti af hálfu leyfisveitanda.**

Umfangsflokkur 5 – Litlir viðburðir eða minniháttar viðhald – o

Óverulegt utanumhald vegna vinnslu/afgreiðslu afnotaleyfis og eftirlits vegna útgáfu afnotaleyfis svo sem einfaldar endurútgáfur, búslóðaflutningagámar, nemendaverkefni kvikmyndaskóla, götugrill/-hátíðar, stutt afnot (partur úr degi) einstaklinga vegna viðhaldsvinnu tengdri fasteignum/garða. **Jafnframt falla hér undir litlir viðburðir sem hafa óveruleg áhrif á borgarlandið og krefjast lítils undirbúnings og eftirlits af hálfu leyfisveitanda, s.s. umfangslítil hlaup, hjólreiðakeppnir eða tónleikar, hvort heldur sem viðburður er haldinn af einstaklingum eða samtökum.**